

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 24. apríl 2007 í máli nr. E-4351/2006:

Einkaleyfastofan

[Stefán Geir Þórisson hrl.]

gegn

Ólafi Kristni Þórðarsyni

I

Mál þetta sem dómtekið var 3. apríl 2007 var höfðað 15. ágúst 2006. Stefnandi er Einkaleyfastofan, Skúlagötu 63, Reykjavík, en stefndi er Ólafur Kristinn Þórðarson, Laxakvísl 23, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð 1.258.734 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 27. nóvember 2005 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað. Til vara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð og að málskostnaður verði látinn niður falla.

II

Stefndi var sumarstarfsmaður hjá stefnanda frá 17. maí 2004 til loka ágúst 2004. Eftir að stefndi hætti störfum hjá stefnanda hélt hann áfram að fá greidd laun næstu mánuði fyrir mistök alveg fram til maí 2005 er stefnandi uppgötvaði mistökin. Fram til maí 2005 sá Fjársýsla ríkisins um afgreiðslu launa en frá þeim tíma tók stefnandi sjálfur við því verkefni og þá uppgötvuðust þessi mistök.

Í kjölfar þess að mistökin komu í ljós var stefndi boðaður á fund forstjóra stefnanda fyrst með bréfi 27. október 2005 og aftur með bréfi 1. desember 2005. Stefndi mætti síðan á fund hjá stefnanda og hafði félagi sinn með sér en auk þeirra voru á fundinum Ásta Valdimarsdóttir, forstjóri stefnanda, og Margrét Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri hjá stefnanda. Á fundinum var óskað eftir því af hálfu stefnanda að stefndi ritaði undir yfirlýsingu þess efnis að hann hefði fengið ofgreidd laun en hann neitaði að rita undir þá yfirlýsingu. Þá var rætt um það á fundinum hvernig stefndi gæti endurgreitt hin ofgreiddu laun en aðilar komust ekki að samkomulagi. Kom fram hjá vitninu Margréti Jóhannsdóttur fyrir dómi að stefndi hefði einungis boðist til að greiða 20.000 krónur á mánuði vegna ofgreiðslunnar en það hafi stefnanda þótt óásættanlegt auk þess sem stefnandi hefði ekki haft heimild til að gera slíkan samning.

Hinn 12. apríl 2006 var stefnda sent innheimtubréf þar sem skorað var á hann að greiða upp skuld sína eða semja um greiðslu hennar. Stefndi varð ekki við þeirri áskorun og var mál þetta höfðað í kjölfarið.

III

Kröfu sína byggir stefnandi á því að hann hafi ofgreitt laun til stefnda eftir að hann hætti störfum fyrir stefnanda. Sundurliðist krafan svo:

Laun fyrir september 2004	150.041
Laun fyrir október 2004	150.041
Laun fyrir nóvember 2004	162.119
Laun fyrir desember 2004	150.041
Laun fyrir janúar 2005	152.595
Laun fyrir febrúar 2005	152.595
Laun fyrir mars 2005	152.595
Laun fyrir apríl 2005	176.448
<u>Laun fyrir maí 2005</u>	<u>12.259</u>
Samtals	1.258.734

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á því að stefnda hafi mátt vera ljóst að hann ætti ekki rétt á launum eftir að hann hefði lokið störfum fyrir stefnanda og að mistök hafi ráðið greiðslum honum til handa. Hafi ekki getað farið fram hjá stefnda að inn á bankareikning hans væru að koma greiðslur sem hann hefði ekki unnið fyrir og ætti ekki rétt til, en auk þess hafi launaseðlar verið sendir heim til hans frá Fjársýslu ríkisins.

Sé á því byggt að stefnandi eigi kröfu á hendur stefnda sem nemi framangreindri fjárhæð sem greidd hafi verið til hans frá starfslokum fyrir mistök. Byggi krafan á meginreglum kröfuréttar, þar með talið reglum um endurkröfu ofgreidds fjár.

Þá kveðst stefnandi byggja á meginreglum íslensks skaðabótaréttar þar sem stefndi hafi mótttekið fjármuni frá stofnuninni sem greiddir hafi verið fyrir milligöngu Fjársýslu ríkisins, grandsamur um að hann ætti ekki rétt á þessum fjármunum. Með því að láta undir höfuð leggjast að tilkynna stefnanda um framangreind mistök hafi stefndi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leiði til bótaskyldu gagnvart stefnanda. Dráttarvaxta sé krafist mánuði frá því að bréf stefnanda hafi verið sent 27. október 2005.

Stefnandi vísar til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi málskostnaðarkröfu sína.

IV

Stefndi kveður óumdeilt að stefnandi sé opinber stofnun enda komi fram í lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi að hún sé starfrækt á vegum Iðnaðarráðuneytisins. Þá sjái Fjársýsla ríkisins um greiðslur launa starfsmanna stefnanda.

Telur stefndi að í íslenskum vinnu- og kröfurétti hafi verið talið að hið opinbera geti farið fram á endurgreiðslu ofgreidds fjár ef skýr lagaávæði heimili slíkt. Dæmi um þetta séu lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lög um atvinnuleysistryggingar nr. 12/1997. Að mati stefnda eigi stefnandi ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt almennum ólögfestum reglum íslensks réttar eins og hann krefjist. Ef sérstök lagaheimild sé ekki fyrir hendi, séu heimildir hins opinbera til að endurkrefja almenna borgara um greiðslur afar þröngar samkvæmt íslenskum rétti. Heimild til að endurkrefja ríkisstarfsmann vegna ofgreiddra launa sé enn þröngri og slíkt almennt óheimilt nema starfsmaðurinn hafi beinlínis gerst sekur um sviksamlega háttsemi. Sé gáleysi starfsmanns ekki nægilegt.

Eðli launagreiðslna sem ætlaðar séu til framfærslu sé þess eðlis að þær séu til þess fallnar að vekja með viðtakanda það traust að honum beri þær með réttu, þar sem greiðandi hafi yfirburðastöðu til að meta hvort greiðsla sé rétt eða ekki. Við þetta bætist að ef ofgreiðsla eigi sér stað í allnokkurn tíma veki það óhjákvæmilega það traust hjá launþeganum að réttilega hafi verið greitt.

Að mati stefnda beri að hafna endurgreiðslukröfu ef ofgreiðsla eigi rætur að rekja til gáleysis vinnuveitanda. Ef greitt sé án fyrirvara um endurkröfu vegna mistaka renni það frekar stoðum undir að ekki sé hægt að krefja starfsmann um endurgreiðslu.

Í þessu tilfelli sé óumdeilt að greiðslur hafi átt sér stað til stefnda á tilteknu tímabili áður en gerð hafi verið krafa um endurgreiðslu af hálfu stefnanda. Einnig sé óumdeilt að greiðslurnar hafi átt sér stað vegna mistaka hjá stefnanda. Sinnuleysi stefnda við að fylgjast nákvæmlega með fjármálum sínum og bankareikningi og sú trú að um hafi verið að ræða leiðréttingu launa og greiðslu orlofs fullnægi ekki þeim skilyrðum sem gerð séu til þess að umrædd laun séu endurgreidd.

Mótmælir stefndi því að honum hafi átt að vera ljóst að ekki gæti verið um launagreiðslur að ræða. Hafi stefndi ekki orðið þess áskynja að fyrsta greiðslan hafi borist. Sú greiðsla sem tilgreind sé sem önnur greiðsla hafi stefndi orðið var við en ekki talið neitt athugavert við hana þar sem hann hafi reiknað með að líklega væri verið að veita honum bónus enda hafi hann talið sig hafa staðið sig ákaflega vel í starfi fyrir mjög lág laun. Hafi einnig hvarflað að stefnda að um uppgjör á orlofi gæti verið að ræða þar sem hann sé og hafi verið námsmaður. Við frekari greiðslur hafi stefndi talið að um leiðréttingu hlyti að vera að ræða kannski vegna þess að hann hafi verið settur í rangan launaflokk um sumarið. Hafi stefndi sett fullt traust á hið opinbera í þessu sambandi og því ekki verið óvarlegt af honum að treysta því að rétt væri með farið.

Þá kveður stefndi að fjármál hans hafi á þessum tíma verið í töluverðum ólestri og hann því lítið sinnt þeim, meðal annars af hræðslu við að takast á við óreiðuna. Hafi hann á þessum tíma verið sinnulaus gagnvart þeim pósti sem hann hafi fengið, sérstaklega stofnanalegum pósti eins og frá Fjársýslu ríkisins. Hafi hann ekki opnað slíkan póst enda hafi hann talið sig vita efni hans. Hafi hann helst átt von á að í honum fælust leiðréttingarskýrslur og tilkynning um greiðslu orlofs. Mótmæli hann því þeim fullyrðingum stefnanda að honum hafi ekki átt að geta dulist að í póstinum væru launagreiðslur.

Á fundi með forstjóra stefnanda, þar sem umrædd mistök hafi verið til umræðu, hafi komið stefnda í opna skjöldu að greiðslur hefðu verið inntar af hendi af hálfu opinbers aðila með röngu. Hafi hann því, þrátt fyrir mikinn þrýsting, hafnað að skrifa undir viðurkenningu þá sem forstjóri stefnanda hafi útbúið. Bendi þetta enn frekar til þess að stefndi hafi móttekið greiðslurnar í góðri trú.

Auk þess sem að framan sé rakið sé stefndi háskólanemi og því yrði stjórnvaldsákvörðun um endurheimtingu umræddra launa verulega íþyngjandi fyrir stefnda. Séu greidd laun ekki afturkræf nema sannað sé að launþegi hafi haft í frammi sviksemi eða blekkingar en hvorugu sé til að dreifa í þessu máli. Með hliðsjón af aðstöðumun aðila og lögskýringarreglum íslensks réttar sé æskilegt að dómstóll skýri allan vafa stefnda í hag. Sé ljóst að umrædd ofgreiðsla eigi rætur að rekja til mistaka stefnanda og hann verði að bera hallann af þeim mistökum. Sé öllum staðhæfingum um eigin sök eða svik mótmælt.

Verði ekki fallist á að stefndi hafi talið sig hafa tekið réttilega á móti umræddum greiðslum hljóti þau sjónarmið sem að framan séu rakin varðandi sýknukröfu að eiga við um fyrstu greiðslurnar. Alþekkt sé að orlofsgreiðslur og uppbætur ýmsar séu greiddar til sumarstarfsfólks eftir að vinnu ljúki og væri það fráleit niðurstaða að stefndi hafi átt að vera grandsamur frá fyrstu viðtöku. Endurgreiðsla á slíkum launagreiðslum, sérstaklega í ljósi launagreiðandans í þessu tilviki, sé í andstöðu við þær almennu reglur sem reifaðar séu hér að framan.

Kröfu um niðurfellingu málskostnaðar byggji stefndi á þeim gríðarlega aðstöðumun sem sé milli aðila varðandi fjárhag, bágum fjárhag stefnda og þeirri staðreynd að hann hafi verið í góðri trú um að honum hafi ekki verið skylt að endurgreiða þá fjármuni sem mál þetta taki til.

Þá geri stefndi þá kröfu að dráttarvaxtatímabil verði stytt verulega að mati dómsins, sérstaklega í ljósi þess að upphaflegri stefnu í málinu hafi verið vísað frá vegna mistaka stefnanda. Hafi stefndi því þurft að bíða til að fá úrlausn í málinu og hljóti að vera ósanngjarnt að hann verði látinn gjalda fyrir þau mistök stefnanda. Þá sé stefnda fjárhagslega ókleift að nýta úrræði líkt og geymslugreiðslu.

Eins og fram er komið er ljóst að stefndi hætti störfum hjá stefnanda í ágústlok 2004 eftir að hafa einungis starfað hjá stefnanda í um þrjá og hálfan mánuð. Samkvæmt fyrirbyggjandi launaseðlum voru laun þau sem honum voru greidd fyrir september 2004 til mars 2005 183.241 króna á mánuði og fyrir apríl 2005 189.195 krónur. Þá fékk hann greidda 15 tíma yfirvinnu hvern mánuð vegna sama tímabils og hinn 1. desember 2004 fékk hann greidda persónuuppbót að fjárhæð 20.873 krónur. Fyrir tímabilið 1. maí 2004 til 30. apríl 2005 fékk hann hinn 1. júní 2005 greidda orlofsuppbót að fjárhæð 20.892 krónur. Af fyrirbyggjandi launaseðlum vegna september 2004 til apríl 2005 verður ekki annað ráðið en að stefnandi hafi áfram fengið greidd laun eins og hann væri í starfi hjá stefnanda og bera þeir ljóslega með sér að ekki var um að ræða leiðréttingu á áður greiddum launum eða uppgjör orlofs. Er því ljóst að stefndi fékk greidd laun eftir að hann lét af störfum fyrir mistök.

Stefndi heldur því fram að óheimilt sé að endurkrefja ríkisstarfsmann vegna ofgreiddra launa nema starfsmaðurinn hafi haft í frammi sviksamlega háttsemi. Ekki verður séð á hverju þessi fullyrðing stefnda byggist. Hins vegar hefur verið talið að atvinnurekandi geti almennt ekki krafist launþega um endurgreiðslu greiddra launa þegar svo stendur á að launþegi var í góðri trú og hafði ekki ástæðu til að ætla annað en að það sem honum var greitt hafi verið launin sem atvinnurekandinn vildi greiða honum. Í þessu máli voru aðstæður þær að stefnandi fékk greidd full mánaðarlaun í átta mánuði eftir að hann hætti störfum sem sumarstarfsmaður og mátti honum vera ljóst að um mistök var að ræða. Skýringar hans á því að hann hafi ekki gert athugasemdir við þessar launagreiðslur af þeim sökum að hann hafi talið að verið væri að bæta honum upp lág laun, greiða honum bónus eða gera upp orlof eru ótrúverðugar og hlaut hann að gera sér grein fyrir, miðað við þær fjárhæðir sem hann fékk greiddar inn á reikning sinn að ekki var um slíkt að ræða. Þá getur stefndi heldur ekki firt sig ábyrgð á þeim forsendum að fjármál hans hafi verið í óreiðu og hann ekki þorað að opna bréf frá Fjársýslu ríkisins. Ef hann hefði gert það hefði hann séð að um venjulegar launagreiðslur var að ræða sem hann mátti vita að hann ætti ekki rétt á.

Er því ljóst að stefndi fékk ofgreidd laun vegna tímabilsins september 2004 til apríl 2005 samtals að fjárhæð 1.246.475 krónur sem honum ber að endurgreiða. Sú staðreynd að stefndi er háskólanemi breytir engu þar um og ekki verður séð að reglur varðandi íþyngjandi stjórnsvaldsákvarðanir eigi við í máli þessu.

Krafa stefnanda er í eðli sínu endurgjaldskrafa sem lýtur reglum kröfuréttar en stefnandi hefur ekki sýnt fram á það að um tjón í skilningi skaðabótaréttar geti verið að ræða í þessu máli og koma því ekki til skoðunar meginreglur íslensks skaðabótaréttar svo sem stefnandi byggir kröfur

sínar jafnframt á. Ekki er ágreiningur um fjárhæð kröfunnar en stefnandi gerir kröfu um endurgreiðslu á þeirri fjárhæð sem stefndi fékk útborgað á umræddu tímabili eftir frádrátt vegna skatta, lífeyrissjóðsiðgjalds og greiðslu í starfsmannafélag.

Skilja má málatilbúnað stefnda þannig að hann telji sig eiga inni áunnið orlof hjá stefnanda. Stefndi hefur hins vegar ekki rökstutt þá kröfu sína eða lagt fram haldbær gögn henni til stuðnings og verður hann að bera hallann af þeim sönnunarskorti.

Af gögnum málsins verður ráðið að orlofsuppbótin sem stefndi fékk greidda í júní 2005 sé að hluta fyrir tímabilið sem stefndi var við vinnu hjá stefnanda. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki með vissu ráðið hvort og þá hversu stór hluti þeirrar fjárhæðar stefndi kann að hafa átt rétt á. Er krafa stefnanda hvað þetta snertir ekki nægilega skýr og til að hægt sé að taka afstöðu til hennar og verður stefnandi að bera hallann af því. Verður því stefndi sýknaður af endurgreiðslu þessa hluta kröfu stefnanda og krafa hans því lækkuð sem nemur 12.259 krónum.

Að því virtu sem nú hefur verið rakið verður krafa stefnanda því tekin til greina að frádreginni ofangreindri fjárhæð með dráttarvöxtum eins og greinir í dómsorði en rétt þykir að krafan beri dráttarvexti frá 12. maí 2006 sem er mánuði eftir að stefnanda var sent innheimtubréf vegna kröfunnar.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Stefán Geir Þórisson hrl. en stefndi, sem er ólöglærður, flutti mál sitt sjálfur.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, Ólafur Kristinn Þórðarson, greiði stefnanda, Einkaleyfastofunni, 1.246.475 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. maí 2006 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir